# AUGLÝSING

**um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.**

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðfest samkomulag dags. 15. september 2006, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Breytingin varðar mörk sveitarfélaganna sunnan Heiðmerkur á mörkum lands jarðarinnar Vatnsenda við Vatnsendakrika og Heiðmerkur. Samkvæmt samkomulaginu fylgja staðarmörkin ekki lengur Heiðmerkurgirðingu líkt og fyrri heimildir kveða á um heldur línu sem dregin er samkvæmt hnitum:

| **Númer** | **Heiti** | **Austur** | **Norður** |
|---|---|---|---|
| 3 | Vörðubrot | 365506.94 | 397763.27 |
| 77 | Girðing | 365057.87 | 397566.51 |
| 4 | Girðing | 365141.74 | 397573.01 |
| 78 | Girðing | 363594.84 | 396887.30 |
| 31 | Girðing | 363167.35 | 396420.94 |
| 32 | Girðing | 362940.96 | 396245.74 |
| 53 | H-1 | 362722.59 | 396075.74 |

Framangreint samkomulag tekur ekki til annarra staðarmarka sveitarfélaganna við Heiðmörk.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 11. janúar 2010.*

F. h. r.

**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

*Hermann Sæmundsson.*